
BLAÐ BÍL

11. árg. des. 1989 2. tbl.

ÍDJUPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS


VELA

Fellsás 7, Box 240, Mosfellsbæ.
s.666110.

Nú bjóðum við nýjar vörur frá
Finnlandi:

ERGO REST armhvíkur.

Styðja undir framhandleggi þegar
unnið er við borð. Hvíld fyrir
axlir og handleggi.



ERGO
REST®

ÍÐJUPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS


BLAÐIÐ

Sumir vakna eldhressir og úthvíldir

rúmdýna og rúmboðin
– hellsunnar vegna!



sendum í póstkroftu



Latex dýna

Latex dýnan er eina dýnan á markaðnum sem gerð er úr eka náttúrugúmmíli.

Latex dýnan fjáðrar vel og veitir líkamanum góðan stuðning. Þyngri líkamshlutar sókkva hæfilega djúpt í dýnuna en hún veitir jafnframt stuðning undir hina léttari.

Stabiflex rúmboðin

Stabiflex er einstaklega traustur og vandaður rúmboðin sem hentar sérstaklega vel undir Latex dýnuna. Samspili dýnu og rúmboðs er þar í fullkomnu samræmi við hreyfingar og þyngd líkamans.


- Hryggsúlan helst bein
- Stabiflex rúmboðinn er sniðinn undir Latex dýnuna – samvirkandi og hjóðlaust kerfi.

- Sveigjanleiki gúmmísins tryggir rétta fjoðrun.


- Latex gúmmílið bægir frá ryki og sykklum.

- Loftæstikerfi heldur loftinu hreinu og rakastígnu réttu.


- Fallegi áklæði að eigin vali.




Of hörð dýna.



Of mjúk dýna.



Latex dýnan: Dýnan lagar sig að líkamanum – hryggsúlan er bein.



- Bottraminn er gerður úr niðsterku limtré.

- Þverfírnlar eru gerðir úr limtré og bagna upp á við um miðjuna – eru sveigjanlegir.

- Hægt er að hækka rúmboðinn undir höfði og fótum.

LYSTADÚN

SKÚTUVÖGI 11 REYKJAVÍK SÍMI 84655

ÍÐJUPJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

Pósthólf 8845

128 Reykjavík

PRENTUN: Offsetfjölritun h.f.
Lágmúla 7, 108 Reykjavík

RITNEFND: Elín Hannesdóttir
Gerður Gústavsdóttir
Helga Guðjónsdóttir
Unnur Jóhannesdóttir

STJÓRN ÍÍ: Hope Knútsson formaður
Rannveig Baldursdóttir varaformaður
Valrós Sigurbjörnsdóttir gjaldkeri
Sigrún Garðarsdóttir ritari
Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir stj.meðlimur
Kristjana Fenger varamaður
Ingibjörg Jónsdóttir varamaður

EFNISYFIRLIT:	bls.
Námskeið um taugalífeðlisfræðilegan grunn að meðferð	5
Námskeið í meðhöndlun barna með cerebral palsy við Bobath- stofnunina í London	7
Íðjupjálfun á sólarhringsstofnun	9
Frá formannafundi íðjupjálfafélaga Norðurlanda haldinn	
8. júní í Reykjavík	15
Frá fræðslunefnd I.Í.	17
Nordisk nyt fra Danmark	19
Foundation Award	21
Fréttir	23
Nefndir I.Í.	24
Lausar stöður	25
Félagatal	26
Bókalisti	34

Þú hvílist og safnar kröftum á Regumatic rúmbotni og dýnu

REGUMATIC er rúmbotni sem hver og einn stillir eftir sínum þörfum og dýna sem gefur hæfilega eftir.

REGUMATIC aðlagast þunga og líkamshyggingu notandans. Það fylgir stöðugt öllum hreyfingum og stellingum líkamans og **REGUMATIC** er hægt að setja í nánast hvaða rúm sem er.

REGUMATIC fellur eðlilega að líkamanum og styður við eftir þörfum. Loft leikur í gegnum rúmbotninn og dýnuna. Auðvelt er að stilla **REGUMATIC** sem er sterkhyggt og meðfærilegt.

Hugsað er fyrir öllum atriðum er varða heilbrigði og þrífnað.

REGUMATIC tryggir rétta stöðu líkamans: Eðlilega sveigju á hrygg þegar legið er á baki og beinan hrygg þegar legið er á hlið.


REGUMATIC er með stillanlegu höfðalagi og hægt er að hækka það upp fyrir fæturna. Einnig er hægt að fá það fjórbotnið, þ.e. setsillingu, fyrir bók og fætur. Hentar sérstaklega vel sjúkum og öldruðum, astma-, gigtar- og hjartasjúklingum.

**ENGAR TVÆR MANNESKJUR
ERU EINS.**

**REGUMATIC MIÐAST VIÐ
ÞÍNAR ÞARFIR.**

SNÆLAND

Pétur Snæland, Skeifunni 8, sími 685588



Hrefna Óskarsdóttir iðjuþjálfari:

NÁMSKEIÐ UM TAUGALÍFÆDLIS- FRÆÐILEGAN GRUNN AÐ MEÐFERÐ

Dagana 26. maí - 3. júní '89 var haldið námskeið á vegum sjúkráþjálfarafélags Íslands. Yfirskrift námskeiðsins var "The Neurophysiological Basis of Treatment", fyrirlesari var bandarískur sjúkráþjálfari, Shirley A. Stockmeyer. Erfitt er að segja frá innihaldi námskeiðsins í stuttu máli, en m.a. var komið inn á eftirtalda þætti:

- Mismunandi þjálfunaraðferðir, eftir því hvaða áhrif þú vilt hafa á vöðvaspólur og vöðva.
- Mismunandi tegundir vöðvavinnu í hvaða stöðu best er að þjálfa og notkun móttstöðu við þjálfun.

- Hvernig nota má spelkur á spastiska vöðva og hvað taka þarf tillit til, t.d. að vöðvateygjan þarf að vera nákvæm til að árangur náist. Einnig nefndi hún notkun heilunar við meðferð á hemiplegium.
- Kynntar voru nokkrar kenningar á orsökum spastisítets.
- Notkun snertiskynsáreita á markvissan hátt, til að hafa áhrif á vöðvatónus.
- Notkun snertiskyns- og jafnvægis-skynsáreita við meðferð á ataxíu-sjúklingum.

Námskeiðið var að mínu áliti mjög gott, við vorum þrír iðjuþjálfarnir, en það hefði verið gaman að sjá fleiri.



Okkur er ánægja að tilkynna
að við höfum opnað móttöku í
anddyri **DOMUS MEDICA**,
Egilsgötu 3 Reykjavík.

Opnunartími verður til að byrja
með frá kl. 12,00 til kl. 16,00.

Tímapantanir eru í síma
91-652885.

IKSTOÐ

SVEINN FINNBOGASON
stoðtækjasmiður
ÖRN ÓLAFSSON
stoðtækjasmiður

NÁMSKEIÐ Í MEÐHÖNDLUN BARNNA MEÐ CEREBRAL PALSY VIÐ BOBATH- STOFNUNINA Í LONDON

Vorið 1988 tók ég þátt í 8 vikna námskeiði á vegum Bobath stofnunarinnar í London.

Það eru haldin 4 slík námskeið á ári hverju, ætluð sjúkraþjálfurum, iðjuþjálfum og talmeinafræðingum er vinna með börn með cerebral palsy (heilalömun). Alls eru u.þ.b. 20 þjálfarar á hverju námskeiði.

Það er langur biðlisti á Bobath-námskeiðin og í mínu tilviki liðu 4 ár frá því að umsóknin fór af stað, þar til að ég komst að.

Boðið er upp á viku framhaldsnámskeið eftir nokkurra ára starf og á stofnuninni eru einni haldin 3ja vikna námskeið um meðferð sjúklinga með helftarlömun.

Námskeiðinu er ætlað að veita:

Fræðilegan bakgrunn Bobath-aðferðarinnar við meðhöndlun c.p. barna, í gegnum taugafræðilega þætti, greiningu, meðferð og flokkun í syndróm.

Praktíska og klíníska reynslu í greiningu, umönnun og meðferð barna með cerebral palsy.

Þá er fjallað um utanaðkomandi þætti er skipta máli fyrir barnið, foreldra, þjálfara og aðra sem tengjast barninu.

Innihaldi námskeiðsins má skipta í 4 hluta:

1. **Taugafræði.** Rifjuð er upp starfsemi miðtaugakerfisins og farið í taugalífeðlisfræðilegan bakgrunn Bobath-kenningarinnar. Einnig áhrif heilaskaða á skyn- og hreyfiproska.
2. **Meðferð.** Farið er í eðlilegan skyn- og hreyfiproska, hvað fer úrskeiðis hjá börnum með cerebral palsy og hvernig ber að hafa greiningu og meðferð. Þetta er víðamesti hluti námskeiðsins og er bæði fræðilegur og "praktískur".
3. **Skilgreining á cerebral palsy.** Farið er í hinar ýmsu tegundir c.p. og vandamál er tengjast óeðlilegum vöðvatón, skyn- og hreyfiproska.
4. **Sértæk svið - fylgifatlanir.** Farið er inn á sértæk svið, s.s. iðjupjálfun, talþjálfun og bæklunarlækningar. Einnig foreldrafræðslu og teymisvinnu í kringum c.p. börnin.

Kennt var frá 9.30-17.00 alla virka daga, alls 320 kennslustundir. Kennslan var ýmist í fyrirlestraformi eða verkleg, hópverkefni o.fl. Við sáum mikinn fjölda barna og skírskotaði það til þess sem farið var í hverju sinni og auðveldaði okkur þar með að festa ýmislegt í minni. Fyrri hluta tímabilsins fórum við tvo morgna í viku í skóla fyrir fötluð börn, skoðuðum þau, veittum meðferð undir leiðsögn þjálfara og gerðum síðan skriflega samantekt.

Seinni hluta tímabilsins vorum við iðjuþjálfarnir (4 talsins) með iðjuþjálfra stofnunarinnar Judy Murray, þessa sömu morgna. Við fylgdumst með henni að störfun og unnum undir hennar leiðsögn.

Mér fannst námskeiðið afar lærdómsríkt, vel uppbyggt og gefandi. Þarna var valinn maður í hverju rúmi og hafði það sitt að segja.

Ég tel að námskeiðið henti barnaþjálfurum einkar vel og veiti yfirsýn og þekkingu, sem nýtist vel í meðferð.

Með mér á námskeiðinu voru þjálfarar frá 11 löndum og það var áhugavert að kynnast fólki svo víðs vegar að úr heiminum og upplifa hve aðstæður eru mismunandi og vanda málin ólík.

Bobath-aðferðin er í stöðugri þróun og hefur breyst nokkuð síðustu árin. Þrátt fyrir mikla reynslu er starfsfólkið gagnrýnið á eigin vinnubrögð og opið fyrir nýjungum í meðferð. Bobath-hjónin gömlu létu af störfum fyrir u.þ.b. 4 árum, en samherjar þeirra halda uppi merkinu.

Á Bobath-stofnuninni er unnið frábært starf við aðstæður, sem við hér á Íslandi myndum vart láta bjóða okkur. Megináhersla er lögð á faglegu hliðina, en ytri umbúnaður skiptir minna máli. Þetta er umhugsunarvert fyrir okkur og segir um leið að þröng húsakynni og slakur aðbúnaður afsaka ekki endilega slæleg vinnubrögð.



Bobath Centre

Guðrún Á. Einarsdóttir iðjupjálfi:
Sigríður Þorvaldsdóttir iðjupjálfi:

IÐJUPJÁLFUN Á SÓLARHRINGSSTOFNUN

Vonarland er sólarhringsstofnun fyrir líkamlega og andlega fatlaða, staðsett á Egilsstöðum.

Á heimilinu búa 8 einstaklingar á aldrinum 9 - 34 ára, með mjög mismunandi fatlanir. Ennfremur er eitt skammtímapláss.

Þau sem eru á skólaaldri stunda nám við sérdeild Egilsstaðaskóla. Hinir sækja vinnu á vernduðum vinnustað, fara á vinnustofu heimilisins eða nýta sér önnur tilboð innan þess.

Við stofnunina eru 18,5 stöðugildi, þ.e. forstöðumaður sem er þroskaþjálfi, tveir iðjupjálfar, sjúkraþjálfi í hlutastarfi og handavinnukennari. Aðrir starfsmenn eru ófaglærðir en hafa sótt sérstök námskeið í tengslum við starfið.

MARKMIÐ HEIMILISINS

A. Langtímavistun:

Sem felur í sér að fötluðum sé veitt viðeigandi meðferð og þjálfun sem miði að því að efla þroska þeirra og sjálfstæði. Stefnt skal að því að hæfa hinn fatlaða til að flytja á sambýli.

B. Skammtímvistun:

Tilgangur með henni er að veita aðstandendum fatlaðra tímabundna

hvíld og hins vegar gefa fötluðum kost á að breyta um umhverfi.

Veita skal viðeigandi þjálfun í skammtímvistun eftir því sem kostur er.

C. Ráðgjöf og samstarf:

Við aðstandendur og/eða aðra hluteigandi varðandi umönnun, uppeldi og þjálfun hins fatlaða.

STARFSVIÐ IÐJUPJÁLFA

Á sólarhringsstofnun sem þessari er hefð fyrir að einungis starfi þroskaþjálfar, og hefur svo einnig verið hér undanfarin ár. Fyrir ári síðan var Sigríður ráðin sem iðjupjálfi við stofnunina og í maí s.l. var Guðrún ráðin.

Þar sem við vinnum inn á deildinni er starf okkar mjög fjölbreytilegt, en þó hægt að skipta í neðangreinda þætti.

ADL-þjálfun

Mikil áhersla er lögð á þjálfun aðhafna daglegs lífs hér innan heimilisins og stefnt að því að gera heimilismenn eins sjálfbjarga og mögulegt er. Tekin hafa verið færnismöt og markmið og áætlanir gerðar út frá þeim, sem allt starfsfólk vinnur eftir.

Í daglegum athöfnum erum við alltaf

með sömu einstaklingana og því auðveldara að ná árangri.

Einstaklingsþjálfun

Við reynum að taka einstaklingana út af deildinni einu sinni til þrisvar sinnum í viku og þjálfum þá einstaka þætti sem ekki er hægt að flétta inn í ADL-þjálfunina s.s. skyntúlkunarþjálfun, vatnsþjálfun, fínhyfingar og félagslega þjálfun.

Hjálpartæki

Stofnunin er nokkuð vel útbúin hjálpartækjum. Ef einstaklingarnir hafa þörf fyrir hjálpartæki hefur iðjuþjálfari í samráði við sjúkraþjálfara og þroskaþjálfara sótt um og pantað.

Stjórnun - samræmingaraðili

Í okkar starfi felst einnig að stjórna og samræma það starf sem fram fer á deildinni sem og á heimilinu sem heild. Það eru haldnir samráðsfundir á hálfsmánaðar fresti þar sem sitja forstöðumaður, handavinnukennari og við iðjuþjálfarnir. Þar ræðum við innra starf.

Samstarf við skóla

Samstarf við skóla er mjög gott og eru haldnir fundir einu sinni í mánuði, með sérdeildarkennurum, sem við iðjuþjálfarnir skiptumst á að sitja. Þar er rætt um hvernig gangi hjá hverjum nemanda og reynt að samræma starfið í skólanum og þjálfun á heimilinu þannig að unnið sé eftir sömu markmiðum.

LOKAORÐ

Starfsvið iðjuþjálfara á Vonarlandi hefur verið og er ennþá í mótn. Á þeim tíma sem liðin er hefur komið í ljós að menntun okkar nýtist vel á Vonarlandi og enn betur í samvinnu við þroska-og sjúkraþjálfara.

AÐDRAGANDI SKÓLA SAGAN Í ÁRTÖLUM

1973. Þetta ár skipaði Menntamálaráðuneytið nefnd til að kanna möguleika á því að stofnað yrði til menntunar sjúkra og iðjupjálfa hér á landi og hvernig slíku námi yrði fyrir komið. Í nefndina voru skipaðir fulltrúar frá Heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti, Menntamálaráðuneyti, læknadeild H.Í. Læknafélagi Íslands og Félagi Íslenskra sjúkrapjálfa. Nefndin hóf störf sumarið 1973, en verulegur skriður komst ekki á störf hennar fyrr en í marsmánuði 1974. Nefndin lauk störfum í mars 1975. Nefndin mælti með því að nám í sjúkrapjálfun hæfist haustið 1976 við H.Í. og yrði eftir kanadískri fyrirmynd. Skýrslan fjallaði að mestu um nám í sjúkrapjálfun, en lítillega var þó fjallað um nám í iðjupjálfun. Nefndin var í upphafi sammála um að nám í iðjupjálfun ætti lengra í land en nám í sjúkrapjálfun en að "innan skamms muni mögulegt að hefja nám í iðjupjálfun en telur ótímabært að spá hvenær það geti orðið". Árið 1975 eru á Íslandi 41 sjúkrapjálfi en 8 iðjupjálfar.

1976. Iðjupjálfafélag Íslands var stofnað. Eitt af markmiðum félagssins var að beita sér fyrir, að hafin yrði kennsla í iðjupjálfun hér á landi.

1981. "Det lille nordiske seminar"

var haldið á Íslandi í maí og fjallaði það um skólamál. Skólamenn á Norðurlöndum lýstu sig þar fúsa til að styrkja okkur í því að koma upp námsbraut, og hvöttu okkur í hvívetna. Þetta ásamt óformlegri fyrirspurn frá Hauki Þórðarsyni um það hvenær við hygðumst taka upp þráðinn frá 1975, hvatti okkur til að taka upp skólamál í félaginu þetta árið: Skólanefnd var því kosin í september á félagsfundi: Guðrún Árnadóttir, Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Rannveig Baldursdóttir. **Niðurstöður skóla-umræðunnar** voru þær að **ekki væri tímabært** að koma upp námsbraut á Íslandi, **en** reynt skyldi að auðvelda nemum aðgang að skólum erlendis og að undirbúa jarðveginn hér heima fyrir námsbraut.

2. okt. rituðu Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Guðrún Árnadóttir páverandi menntamálaráðherra, Ingvari Gíslasyni, bréf. Þar er lýst brýnni þörf á að koma upp námsbraut. En þar sem mannafla og aðstöðu skorti enn til að bjóða nemum fullgilda verklega kennslu á stofnunum, yrði að hraða fjölgun í stéttinni. Það sé best gert með því að koma fleiri nemum að erlendis. Farið var fram á það við menntamálaráðherra að hann aðstoðaði okkur við það. Vísað er í "Protokol fra Nordisk Ministerrad frá 14.júní 1977. Ekkert svarbréf barst.

1982. Guðrún Árnadóttir hvarf úr nefndinni en Hope Knútsson kom til starfa.

1983. 25. janúar bað nefndin um fleira fólk og við bættust Kristjana Fenger og Sigríður Jónsdóttir. Guðrún Árnadóttir kom aftur að utan. Skólanefnd starfaði lítið þetta árið þar sem tveir meðlimir hennar voru á kafi í samningamálum við Tryggingastofnun, þ.e. Guðrún og Kristjana. Nefndin aflaði ýmissa gagna: kennsluskrár og námsefni í iðjuþjálfun frá ýmsum löndum og kennsluskrá H.Í. Nefndin athugaði samnýtingarmöguleika iðjuþjálfanáms við aðrar brautir innan H.Í.

Í maí héldu Guðrún Árnadóttir og Hope Knútsson iðjuþjálfar fund með Maríu Þorsteinsdóttur lektor í sjúkrapjálfun. Fundurinn var haldinn til að fræðast um tilurð og starfsemi námsbrautarinnar.

1984. Þetta ár urðu þær raddir háværingi sem fannst við verða að ýta á stjórnvöld um námsbraut; okkur fjölgaði hægt, skortur var mikill á iðjuþjálfum og þeim fannst við betur í stakk búna til að takast á við vandan. Flestir vildu þó halda sig við yfirlýsta stefnu frá 1981. Í mars samþykktu félagar Iðjuþjálfafélags Íslands einróma eftirfarandi bókun varðandi skólamál:

- Við viljum skóla á Íslandi.
- Við ætlum að standa saman að skólanum þegar þar að kemur.
- Við munum standa saman að stundakennslu.

- Við munum ekki skorast undan því að taka nema í verklega þjálfun þegar þar að kemur.

Þessi yfirlýsing varð til að undirlagi skólanefndar, til stuðnins áframhaldandi undirbúningi.

1985. Í maí sendi skólanefnd öllum þeim sem höfðu verið í verknámi á Íslandi, en það voru samtals 17 manns, spurningalista til að kanna reynslu nema af verknámi á Íslandi til samanburðar við verknám í námslandi.

25. nóvember skrifuðu Kristjana Fenger og Rannveig Baldursdóttir bréf í menntamálaráðuneytið og fóru fram á greiðslu fyrir verknámskennslu. Ekkert svar barst. Þetta þótti brýnast í skólamálum á þessum tíma. Nefndin var lögð niður, því önnur verkefni innan félagsins þóttu brýnni. Stjórnin tók málið að sér til geymslu

1986. 4. mars. Bréf ritað menntamálaráðuneyti af Kristjönu Fenger og Guðrúnu Pálmadóttur og aftur farið fram á greiðslu fyrir verknámskennslu nema. Ekkert svar barst.

1987. 13. október. Rannveig Baldursdóttir átti óformlegar viðræður við Stefán Stefánsson hjá menntamálaráðuneytinu um það hvernig beiðni um iðjuþjálfanám hér á landi verði best komið á framfæri.

22. nóvember. Stjórn I.Í. hittist til að ræða skólamál.

1988. 5. janúar. Bréf til Birgis Ísleifs Gunnarssonar menntamálaráðherra ritað af ??? farið var fram á að námsbraut í iðjuþjálfun yrði stofnuð við H.Í.

28. mars. Rannveig ritaði Svavari Gestssyni alþingismanni bréf og fylgdu því allar málaleitanir Iðjuþjálfafélagsins sem sendar hafa verið menntamálaráðuneytinu.

16. júní. Menntamálaráðherra Birgir Ísleifur Gunnarsson skipaði nefnd til að athuga hvort tímabært væri að stofna til kennslu í iðjuþjálfun hér á landi og hvernig slíku námi yrði fyrir komið. Í nefndinni voru skipaðir, af hálfu Iðjuþjálfafélags Íslands, Guðrún Pálmadóttir og Hope Knútsson, formaður nefndar var Stefán Stefánsson deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu, Ásgeir B. Ellertsson, yfirlæknir var tilnefndur af heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Guðrún Kristinsdóttir, félagsráðgjafi (varamaður Guðrún Jónsdóttir félagsráðgjafi), tilnefndar af Háskóla Íslands.

Formlegir fundir urðu alls tíu. Guðrún Jónsdóttir tók strax í byrjun sæti nöfnu sinnar Kristindóttur. Kristjana Fenger var varamaður Guðrúnar Pálmadóttur og var hún nánast með frá byrjun, því Guðrún fór utan í byrjun jan. 1989.

1. fundur, haldinn 1. desember. Þar var ákveðið að starfa ötullega, því ekki væri æskilegt að nefnd sem þessi starfaði í of langan tíma. Þar var fjallað um eftirfarandi; 1) hvort þörf

væri á námi í iðjuþjálfun hér á landi, 2) hvaða kosti og ókosti það hefði að færa nám í iðjuþjálfun inn í landið, 3) námsform - sérskóli eða námsbraut við H.Í. 4) hvort nauðsynlegt væri að gera einhvers konar kostnaðaráætlun. 2. fundur, haldinn 12. desember. Það var skiptst á upplýsingum.

1989. 3. fundur, haldinn 5. janúar. Var það síðasti fundur Guðrúnar og fyrsti fundur Kristjönu. Þar lögðu iðjuþjálfar fram fyrstu drög að náms-efni í hugsanlegu námi í iðjuþjálfun. Farið var yfir námslýsingar í sjúkraþjálfun skv. kennsluskrá. Einnig var nefnd hugsanleg samnýting námskeiða í hjúkrunarfræði og félagsvísindadeild.

4. fundur, haldinn 19. janúar. Hope og Kristjana lögðu fram nákvæmari tillögur um námsefni í námi í iðjuþjálfun - rætt. Samnýting iðjuþjálfana náms og náms í félagsráðgjöf í Sálfræði I og II virðist framkvæmanleg.

5. fundur, haldinn 2. febrúar. Stefán lagði fram drög að efnispáttum vegna væntanlegs nefndarálits. Nefndarmenn voru sammála um að styðjast við það við vinnslu skýrslu nefndarinnar. Nefndarmenn skiptu með sér verkum varðandi frumvinnslu á efnispáttum skýrslunnar. Ákveðið var að verkaskipting yrði sem hér segir:

- Formaður hefði ritstjórn á hendi svo og samningu inngangskafila.

- Ásgeir tæki að sér samningu a) Skilgreining alþjóðasamtaka á starfs-sviði iðjuþjálfara. b) Starfssvið iðjuþjálfara á Íslandi og skörun við aðrar stéttir í heilbrigðiskerfinu. Ásgeir ætlaði að fá Guðrúnu Árnadóttur til liðs við sig. Guðrún sá um báðar

þessar greinar. Vegna seinni greinarinnar hafði hún samband við alla vinnustaði og fékk skjót skrifleg viðbrögð og samdi svo heilmikið plagg um efnið.

- Hope og Kristjana tóku að sér samningu c) Saga/próun iðjuþjálfunar á Íslandi og staðan nú. Þennan þátt sá Anne Grethe Hansen um. d) Spá um þörf fyrir iðjuþjálfara. a) Kröfur alþjóðasamtaka í iðjuþjálfun. Þennan þátt sá Elsa Ingimarsdóttir um. b) Námsfyrirkomulag erlendis.

- Guðrún sá um c) Líkan að námi í iðjuþjálfun hérlandis, lágmarkskröfur. d) Líkanið borið saman við aðstæður í H.Í.

Áætluð skil greinanna var að 3-4 vikum liðnum.

6. fundur, haldinn 9. febrúar. Hann sátu auk nefndarmanna Guðrún Árnadóttir og námsbrautarstjóri í sjúkrapjálfun; Jakobína Sigurðardóttir og lektor í sjúkrapjálfun; María Ragnarsdóttir, en þær voru sérstaklega boðnar á fundinn. Rætt var um sameiginlega námsþætti í sjúkra- og iðjuþjálfun. Í ljós kom að samnýtingarmöguleiki milli greina eru frá 80%-100% í líffæra-, taugalíffæra-, lífeðlis-, taugalífeðlis-, hreyfingar- og sjúkdómsfræði svo og töl- og aðferðafræði. Einnig var vikið að viðhorfum fulltrúa sjúkrapjálfunar til hugsanlegrar samkenndu greinanna sbr. ofanritað. Viðhorf þeirra voru jákvæð en þær bentu á að húsnæðisvandi greinarinnar gæti hindrað slíka möguleika.

7. fundur, haldinn 23. febrúar. Öllum þeim nefndarmönnum, sem falið hafði verið að skila fyrstu drögum að

skýrslu nefndarinnar, lögðu þau fram. Drög voru kynnt og lauslega rædd. Ákveðið var að formaður nefndarinnar tæki að sér ritstjórn skýrslunnar og sendi nefndarmönnum fyrstu drög hennar fyrir næsta fund hennar.

8. fundur, haldinn 18. maí. Formaður nefndar lagði fram fyrstu drög að skýrslu nefndarinnar. Hún var rædd og ákveðið að stefna að því að á næsta fundi nefndarinnar yrði endanlega gengið frá henni. Athugasemdir nefndarmanna þurftu að hafa borist formanni mánudaginn 21. maí.

9. fundur, haldinn 24. maí. Athugasemdir nefndarmanna við drög að skýrslu nefndarinnar rædd ítarlega. Formaður nefndar og Kristjana tækju að sér endurvinnslu skýrslunnar, saman og sitt í hvoru lagi. Áfram stefnt að því að skýrslan yrði tilbúin um næstu mánaðamót.

10. fundur, haldinn 28. maí. Nefndarálit undirritað.

Mesta vinnan lá á herðum fulltrúa I.Í. og baknefndar þeirra, en í henni voru Elsa Ingimarsdóttir og Maren Ósk Sveinbjörnsdóttir. Til glöggvunar má nefna að eingöngu vinnutímar fulltrúa I.Í. voru, auk fundarsetu, rúmlega 100 klst. Afrakstur þeirra vinnu auk nefndarálitsins má líta í skólanefndarmöppum sem enn eru í geymslu Kristjönu og öllum er velkomið að skoða.

Niðurstaða nefndarinnar hljóðar svo:

Það er niðurstaða nefndarinnar að tímabært sé að hefja kennslu í iðjuþjálfun á Íslandi. Verulegur skortur er á iðjuþjálfum og telur nefndin kennslu í greininni hérlandis vera auðveldustu leið til að bæta úr honum. Við Háskóla Íslands eru þegar kenndar námsgreinar er samsvara um 50% bóklegs náms í iðjuþjálfun og takmarka má kostnað með samnýtingu. Stétt iðjuþjálfra á Íslandi hefur vaxið fiskur um hrygg síðustu árin og í röðum félagsmanna Iðjuþjálfafélags Íslands er fólk sem annast getur kennslu í iðjuþjálfunarfræðum.

Leggur nefndin til að við Háskóla Íslands verði skipulagt 120 eininga bóklegt og verklegt nám í iðjuþjálfun er ljúki með BSc-gráðu.

Loks er það tillaga nefndarinnar að á vegum Háskóla Íslands verði kannað hvernig kennslu í iðjuþjálfun verði best fyrir komið m.t.t. faglegra og stjórnumarlegra tengsla við aðrar greinar og húsnaðisaðstöðu við Háskólann.

Nefndarálitinu var svo skilað inn til menntamálaráðherra, Svavars Gestssonar, sem svo sendi það til Háskóla Íslands. Óstaðfestar fréttir herma að málið hafi verið tekið upp á háskólaráðsfundi nú í nóvember en ekkert formlegt svar hefur borist.

Ég vona að einhver hafi gagn og gaman af að lesa þessa samantekt.

28. nóvember 1989

Kristjana Fengler

FRÁ FORMANNAFUNDI IÐJUPJÁLFA- FÉLAGA NORÐURLANDA HALDINN 8. JÚNÍ Í REYKJAVÍK

Dagskrá: - 7.júni kynnisferð Gullfoss, Geysir, Þingvellir. Velheppnuð ferð.
- 8.júní formannafundur kl. 9-17 í húsnæði BHM. - Sama kvöld var kvöldboð hjá Úlfari (þrem frökkum). Þar var okkur afhent gjöf frá Noregi, mjög falleg postulíns veggklukka fyrir væntanlegan iðjupjálfskóla á Íslandi.

Stutt yfirlit yfir umræðuefni á fundinum:

1. **WFOF mál.** - S-Afríka. Ákveðið að fulltrúar Danmerkur og Svíþjóðar vinni að drögum að samnorrænum styrk fyrir svarta afríska iðjupjálfa til að kynnst iðjupjálfum á Íslandi. Talsvert rætt um málefni S-Afríku.
2. **Sagt frá verkfalli** iðjupjálfa á Íslandi og þakkað fyrir fjárhagslegan og móralskan stuðning frá hinum félögum.
3. **COTEC** - Committee of Occupational Therapists for the European Community. COTEC er iðjupjálfanefnd Evrópubandalagsins og hefur I.Í. áheyrnarrétt. COTEC vinnur að samræmingu menntunar og starfsþjálfunar í

iðjupjálfun í EB löndum. Nánari upplýsingar hjá Hope ef einhver hefur áhuga.

4. **Quality Assurance.**- Kynning á bækingi um hvernig á að tryggja gæði meðferðar og mæla árangur af henni. Mikið umræða er um þetta mál í COTEC og WHO. Hope hefur meiri upplýsingar.
5. **Nordisk seminar** - verður haldið næst 9 - 10 nóv. 1990 í Osló. Efni verður kynnt fljótlega. Rætt var um tilgang seminarsins. Seminarið hefur verið kynning á því sem hefur verið að gerast í iðjupjálfun á Norðurlöndum, ekki er ákveðið hvernig þetta verður næst. Ein breyting er þó að ákveðið hefur verið að fyrirlesarar fái far, þátttökugjald og gistingu frítt.
6. **Nordisk nytt** - allir ánægðir með þennan samnorræna fréttadálk í tímaritunum. Þetta eru aðallega fréttir um hvað er á döfinni hverju sinni.
7. **Formannafundur** - rætt var um tilgang hans og efni sem verða á fastri dagskrá.

8. **Nordplus.** - Þetta er starfskipti-
prógram á tilraunastigi. Iðjupjál-
far geta skipt um starf og húsnæði
við aðra iðjupjálfa á Norðurlönd-
um í ákveðinn tíma. Laun greidd
frá heimalandi.

9. **Skólavandamál í Finnlandi.** - Allir
iðjupjálfaskólar (4-5) í Finnlandi
eru í hjúkrunarskólum og stjórnað
af hjúkrunarfræðingum. Aðeins 2
menntaðir iðjupjálfakennarar eru
í Finnlandi. Sem sagt sumir skól-
anna hafa enga menntaða kenn-
ara. Iðjupjálfakennarar verða að
mennta sig í hjúkrun til þess að
geta kennt iðjupjálfun og tekur
það 5 ár. Þessu hefur verið harð-
lega mótmælt bæði af hinum iðju-
pjálfafélögum Norðurlandanna og
WFOT. Paivi formaður finnska
félagsins mun skrifa annað mót-
mælabréf og hinir formennirnir
skrifa einnig undir það. Sjúkra-
pjálfun í Finnlandi á við sama
vandamál að etja í skólum og
starfspjálfun.

10. **Samnorrænt vísindarit í iðju**

Þjálfun. - Sænska iðjupjáfafél. fer
af stað með slíkt tímarit 1990 og
vill safna efni í blöðin í 2 ár til
þess að tryggja a.m.k. 2ja ára
útgáfu. Til að byrja með mega
bara iðjupjálfar með Master próf
skrifa í þetta blað. Svíar vilja
hafa þetta á mjög háu plani.
Danmörk mótmælti þessu harð-
lega og sagði þetta skilyrði úti-
loka danska iðjupj. frá því að
Birta greinar þar. Tungumáll
þessa tímarits verður Norðurl-
andamál með úrdrætti á ensku.

FRÉTT FRÁ BHM

Endurmenntunarnefnd Háskólans
hefur hannað nýstárlega stefnumótun
og kynnt hana fyrir formönnum aðild-
arfélaga BHM. Óskað er eftir miklu
nánari tengslum við fræðslunefndir
aðildarfélaga og hugmyndum til þess
að geta þjónað okkar þörfum betur.
Stjórnin hefur dreift þessu riti til
fræðslunefnarmanna I.Í. í þeirri von
að Endurmenntunarnefnd Háskólans
geti aðstoðað okkur í að byggja upp
öflugri fræðslustarfsemi. Í undir-
búningi er spurningalisti til félaga í
aðildarfélögum BHM að standa fyrir
ráðstefnu eða fundum um Evrópu-
bandalagið og hvaða afleiðingar sam-
ræming háskólamenntunar í þessum
löndum geti haft fyrir Íslendinga
varðandi aðgang að háskólum í EB
löndum, viðkenningu á menntun á
Íslandi og vinnumarkaðnum.

WFOT FOUNDATION AWARD

Upplýsingar um styrk frá heims-
sambandi iðjupjálfa, sem er veittur á
2ja ára fresti á hverju fulltrúapingi.
Umsóknarfrestur 19.janúar 1990.

AÐ LOKUM stjórnin er að íhuga
þátttöku í starfskynningu á mynd-
böndum sem Íslenska Myndverð er
að framleiða. Starfskynningar þessar
verða fyrst sýndar á Stöð 2 en seinna
fjölfaldaðar og settar í bókasöfn allra
skóla landsins. Námsgagnastofnun
tekur þátt í framleiðslukostnaði og
mun borga kr. 200.000,- fyrir

hvern þátt sem kostar 500.000.-. Áætlunin er að þessi myndbandaröð kynni 50-60% af öllum starfsstéttum sem til eru á Íslandi og ljóst er að þetta verður sterkt og lifandi kynningarform sem verður til staðar út um allt land og verðum við að vega og meta gildi þess samanborið við kynningu í bæklingaformi. Þó vill stjórnin meina að ekki sé hægt að sleppa

bæklingnum. Íslenska Myndverið er að kanna ýmsa möguleika fyrir I.Í. til að taka þátt í þessu, þar sem við höfum ekki efni á að borga hinar 300.000.-. Við verðum að svara fyrir áramót hvort við viljum vera með.

Hope Knútsson og Rannveig Baldursdóttir

FRÁ FRÆÐSLUNEFND I.Í.

Dagana 31.ágúst og 1. september s.l. var haldið námskeið um hvernig tölvur eru notaðar í þjálfun og sem tjáskiptataeki.

Fyrri daginn var sagt frá þeim námskeiðum, sem iðjuþjálfar hafa sótt og hvernig tölvur eru notaðar í þjálfun hér á landi:

Sigríður Jónsdóttir sagði frá námskeiði sem þær Sigríður Hermannsdóttir sóttu í Danmörku í sept. 1988, um **hvernig tölvur eru notaðar í iðjuþjálfun**.

Sigrún Garðarsdóttir sagði stuttlega frá námskeiði **um tölvur sem tjáskiptataeki**, en það var haldið á vegum DATCH, auk hennar höfðu Snæfríður og Björk sótt svipað námskeið. Kristjana Fenger sagði frá **tölvu-**

þjálfun á Reykjalundi og Kristín Kristjánsdóttir sagði frá því hvernig hún notar tölvu á Geðdeild Landsspítalans.

Sigrún Garðarsdóttir og Guðrún Árnadóttir kynntu okkur cognitív forrit, sem þær nota í þjálfun á Grensásdeildinni og hvernig þær hafa greint þau.

Í ljós kom að það er heilmikið að gerast á þessum þremur deildum, sem nota tölvur við þjálfun. Það kom mörgum á óvart hve notkun tölva getur verið mikil og fjölbreytileg og vonandi leiðir þetta til þess að fleiri fái áhuga og nýti sér alla þá kosti sem tölvan býður upp á.

Björk Pálsdóttir sagði frá því **hverjir**

eiga möguleika á styrk frá T.R. til tölvukaupa.

Egill Skúli Ingibergsson sagði frá **starfi N.N.H.**, sem er norrænt ráðherranefnd um málefni fatlaðra. Einnig kynnti Snæfríður Egilson **nýtt íslenskt tjáskiptaforrit, ÍSBLISS.**

Seinni daginn komu 2 fyrirlesarar frá DATCH (Dansk Tecnologicenter for Handicappede), þau Áse Brant, iðjupjálfi og Niels Erik Mathiasen, hugbúnaðarráðunautur.

Efni fyrirlestra þeirra var: **Tölvur, sem tjáskiptahjálpartæki.** Margt athyglisvert kom fram í erindum þeirra. Þau lögðu mikla áherslu á hvað aðlögunarhæfni tölvunnar væri mikil og hægt að aðlaga tölvutæknina að vild, og breyta bæði skermi, lyklaborði og hugbúnaði.

Margs er að gæta við val á tjáskiptabúnaði og það þarf að vanda undirbúninginn. Meðferðaraðilar ásamt tæknimönnum þurfa að starfa saman og kynna sér vel allar aðstæður, þarfir, óskir og getu viðkomandi. Þegar tækið hefur verið valið þarf að kenna á það og síðast en ekki síst að fylgja því eftir. Allt þetta er mjög tímafrekt.

Þau sögðu frá tjáskiptahugbúnaði og tækjum. Einnig var kynntur mismunandi rofabúnaður og má benda á að DATCH hefur gefið út mjög góða bók um þetta, sem heitir "Aktiveringsystemer".

Þau kynntu "concept keyboard", en það er snertiborð, sem kemur í stað lyklaborðs. Það er með 128 reitum

sem hægt er að forrita að vild og þar með ákveða stærð og fjölda þeirra. Ofan á snertiborðið er sett blað með forrituðum reitum og er hægt að nota myndir, orð eða tákn í stað bókstafa. Sjá nánar í um þetta í "via DATCH", nr.3 1989, sem er gefið út af DATCH.

Til sýnis á námskeiðinu voru tölvur og rofabúnaður og fengu þátttakendur tækifæri til að snerta og prófa.

Þátttaka í námskeiðinu var sæmileg u.þ.b. 20 iðjupjálfar. Verðinu var svo í hóf stillt að félagið þurfti að greiða hallann.

Okkur fannst námskeiðið takast vel. Það var mjög gefandi að fá þessa erlendu fyrirlesara. En þess má geta að þau voru hrifin af því, hvað við vorum áhugasöm.

Að lokum viljum við koma á framfæri bestu þökkum til þeirra fjölmörgu iðjupjálfa sem lögðu hönd á plóginn, héldu fyrirlestra, lánuðu tölvur og búnað og hýstu dönsku fyrirlesarana.

Verið er að taka saman í möppu nokkur atriði úr fyrirlestrunum ásamt ýmsum gögnum, sem við fengum á námskeiðinu. Þessi mappa verður svo send á milli vinnustaðanna. Einnig munum við senda út viðurkenningar til þátttakenda.

1. nóvember hélt Vilhjálmur Árnason fyrirlestur um siðfræði. Mæting var

mjög góð. Hann var skemmtilegur fyrirlesari og góður rómur gerður að orðum hans.

Efnið var siðfræði heilbrigðisstétta. Hann talaði um föðurhyggjuna, sem gömlu lækarnir fylgdu þ.e. þeir visuallt og réðu öllu og létu sjúkling oft ekki vita, hvað gert var við þá. Svo talaði hann um sjálfræðishyggjuna, sem er algjör andstæða við föðurhyggjuna. Þá pantar sjúklingurinn lækni meðferðir t.d. aðgerðir að eigin geðþótta. Það ákjósanlegasta taldi

hann vera þarna mitt á milli, þ.v.s. sjúklingurinn fær allar upplýsingar og tekur ábyrgð á eigin heilbrigði. Þetta síðasta fannst okkur að sjálfstöðu! vera innifalið í hugmyndafræði iðjuþjálfna.

Annað verður ekki á vegum fræðslunefndar fyrr en eftir áramót og það verður nánar auglýst síðar.

f.h. Fræðslunefndar L.Í.
Margrét og Sigga Jóns.

NORDISK NYT FRA DANMARK

Ergoterapeutforeningen i Danmark arbejder i øjeblikket på at skabe en ny struktur hvor flere beslutninger lægges ud til foreningens amtskredse. På en ekstraordinær generalforsamling i foråret vil medlemmerne få forelagt et forslag, som indebærer, at der kun holdes generalforsamling hvert andet år mod nu hvert år. Samtidig foreslås etableret faglige sammenslutninger, som holder landsmøder, hvor medlemmerne mødes omkring deres faglige fællesskab.

AMTSKREDSENE STYRKES

Ergoterapeutforeningen er opdelt i 16 amtskredse. Der vil i den nye struktur blive lagt øget vægt på disse lokale kredsers arbejde. Blandt andet skal kredsene fra efteråret 1989 forhandle lokalløn, d.v.s. de individuelle løntillæg, som kan tildeles lokalt. Det betyder, at der skal satses på uddannelse af de kredsbestyrelser, som skal påtage sig opgaverne.

Overenskomstforhandlingerne i foråret 1989 gav kun knap 2% i samlet lønstigning. Til gengæld vil ergoterapeuter ligesom andre offentligt ansatte kunne få del i den pulje, som skal fordeles til lokallønnen. Desværre har det karakter af alles kamp mod alle.

MANGE FLERE ERGOTERAPEUTER I KOMMUNERNE

I Danmark har der været en stigning på 67% på 5 år i antallet af beskæftigede i primærkommunerne. Det vil sige de ergoterapeuter, der tager sig af ældre og handicappede i lokalområdet.

Denne drastiske stigning er sket på trods af, at der i disse år finder en voldsom nedskæring sted indenfor mange af de offentlige områder.

Imidlertid har en omlægning af ældrepolitikken betydet øget vægt på selvhjælp og egenomsorg og det er efterhånden slået igennem, ældre og handicappede skal forblive længst muligt i eget hjem. Derfor er behovet for ergoterapeuter steget voldsomt.

Den specielle stillingskategori, hjemmeergoterapeuter, som blev indført for et par år siden vinder stærkt frem. De er nu omdøbt til distriktsergoterapeuter, men har fortsat til opgave at træne og behandle klienten i eget hjem. Rigtig mange kommuner har indført denne type ergoterapeuter, som betyder en langt større fleksibilitet end tidligere.

Distriktsergoterapeuterne kan tage sig af både fysisk og psykisk og socialt hæmmede personer og kan stå for

etablering af selvhjælpsgrupper og netværk.

VI ØNSKER FLERE UDDANNEDE

Ergoterapeutforeningen søger nu at overbevise myndighederne om, at det er nødvendigt, at udvide uddannelseskapaciteten, hvis det stærkt stigende behov for vor faggruppe skal kunne tilgodeses i fremtiden.

Iøvrigt arbejdes der i øjeblikket med en omlægning af social- og sundhedsuddannelserne i Danmark. Der er planer om, at lave en "tre-trinsraket" hvor social- og sundhedshjælperen med en et-årig elevuddannelse ligger i starten. Derpå etableres et niveau II, hvor social- og sundhedsassistenten med en 1 1/2 årig uddannelse kommer ind. Endelig som niveau III ligger de nuværende uddannelser til ergoterapeuter, fysioterapeuter, sygeplejersker, jordemødre og socialpædagoger. Det er meningen, at niveau II skal give adgang til niveau III ligesom man som det er i øjeblikket skal kunne komme ind på videregående uddannelse efter længerevarende skoleuddannelse.

SKAL ERGOTERAPEUTER PRAKTISERE PRIVAT

Blandt Ergoterapeutforeningens medlemmer diskuteres om man skal arbejde for at skabe mulighed for, at ergoterapeuter kan nedsætte sig som privatpraktiserende. Denne mulighed har længe eksisteret for fysioterapeuter, og specielt når det gælder behandling af børn, risikerer ergoterapeuterne at blive tilsidesat til fordel for fysioterapeuter.

LÆSERUNDERSØGELSE

I sommeren 1989 lavede tidsskriftet **ERGOTERAPEUTEN** en læserundersøgelse, som omfattede hvert 6. medlem af foreningen.

Resultaterne er nu opgjort og viser, at danske ergoterapeuter er meget flittige læsere af deres fagblad. Således læses en meget væsentlig del af stoffet altid eller ofte af over 70% af

samtlige læsere. Der er generelt stor tilfredshed med bladet, selvom mange gerne ser flere artikler om forskning og udviklingsemner.

